

haust. Höfund þeirrar greinar kvaðst hann saka um fjandskap gegn kristindóminum, en fríkenna ritstjórann, með því líka hann hefði gjört afsökun sína fyrir að taka upp þá grein í blaðið.

Tvær sams konar greinar sagði hann að birst hefði í blöðum hér í bænum, er þann eina tilgang hefði haft, að sá fjandskaparsæðinu.

Að eins áleit hann að svara skyldi árásum þeim, er kæmi frá mönnum afvegaleiddum og einlaegum í sinni trú, vegna þess að allar slíkar árásir gæti orðið til þess að tala menn burt úr söfnuðunum, en öllum haturs árásum væri bezt að svara ekki, en leiða þær alveg hjá sér. Því með því að svara þeim, væri hætta búin, að kristnir menn leiddist til haturs og syndar.

Ekki væri það þó svo að skilja, að menn mætti ekki reiðast. Því eðlilega reiði hefði Jesús leyft, er hann sagði:— „Elskið óvini yðar, blessið þá sem yður bólva.“ (?) Um leið og menn sylلت eðlilegri reiði ætti þeir og að verða fullir vor-kunnsemi við menn, er þannig léti nota sig sem verkfæri djöf-ulsins, og vorkunsemin ætti aftur að aftra mönnum frá þeirri reiði, er leiddi til syndar.

Með öllum þessum margvíslegu árásum áleit ræðum., að guð hefði einn sérstakan og blessunarríkan tilgang— þann, að auka kærleika manna til kristindómsins, samheldni í safnaðar-málum, árvekni í trúarefnum, og svo að æfa menn í kristilegri þólinmæði og auðmýkt.

Varð því næst löng þögn,— og horfði hver framan í annan, án þess nokkur tæki til máls. Stóð þá loks Fr. Bergmann upp og sagðist að eins taka til máls, til að rjúfa þögnina, en ekki vegna þess, að hann væri vel undirbúinn að ræða málið, því hann hefði staðið í annriki í dag, „eins og gengur“. Því vildi hann þó bæta við orð síðasta tölumanns, að „vér ættum að græða á árásunum“, með því að spyrja sjálfa oss, hvort vér værum ekki orsök þeirra að neinu leyti. Sjálfspróf hæfði kristnum mönnum, enda finndi kristinn maður ætíð sökina hjá sér. Að eins þeim væri mögulegt að dæma sjálfa sig óhlutdrægt og finna til þessarar sektar. En meðvitundin um sekt skapaði og kristilega auðmýkt, og „auðmýktin kennir mönnum að þegja.“ Enda væri það **bæxta** vörnin við öllum árásum að